

Alþingi
Erindi nr. P 135/2296
komudagur 18.4.2008

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. apríl 2008 02-2008020742
T-ums 11/08

Minnisblað um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt - 325. mál - söluhagnaður hlutabréfa og stórfyrirtækjaining

A Um söluhagnað

Lögaðili sem selur eignarhluta (hlutabréf) í hlutafélagi sem það hefur fjárfest í má samkvæmt gildandi rétti fresta skattlagningu hagnaðar, ef hann endurfjárfestir innan tveggja ára í hlutabréfum eða stofnar annað hlutafélag. Frestun sem þessi getur varað óendanlega svo fremi sem endurfjárfest er innan tímamarka. Aftur á móti, ef lögaðili hefur meginatvinnu af því að kaupa og selja hlutabréf er litið á viðskiptin sem hverja aðra starfsemi með sölu á vörum og/eða þjónustu sem alltaf er skattskyld eins og sams konar viðskipti annarra félaga með vörur og/eða þjónustu.

Breytingin frá gildandi lögum felst í því að öll sala lögaðila á hlutabréfum verður gerð skattfrjáls (hagnaður frádráttarbær) og skiptir ekki máli hvort um er að ræða viðskipti með fjárfestingarhlutabréf sem í dag má fresta eða veltuhlutabréf, þ.e. sala hlutabréfa sem keypt eru með endursölu í huga og hagnaður er skattskyldur í dag. Félag sem er með hlutabréfaviðskipi í umboðssölu, án þess að teljast kaupandi eða seljandi, en tekur þóknun fyrir væri aftur á móti skattskyld af þóknuninni.

Þessi breytingartillaga að gera tilekna starfsemi skattfrjálsa er því stílbrot gagnvart þeirri meginreglu 21. gr. að falli sala undir atvinnurekstur skattaðila eða hafi eigna verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði teljist hagnaður af sölu þeirra ávallt að fullu til tekna á söluári.

Í gegnum árin hafa verið í lög leidd margs konar frávik frá skattlagningu tekna í atvinnurekstri sem og hjá einstaklingum (aðallega til mótvægis við verðbólgu). Þau frávik hafa t.d. snúið að söluhagnaði fasteigna og hlutabréfa (eignarhald í tiltekinn tíma), mismunandi skattlagningu móttækis arðs og vöxtum af sparifé eða verðbréfum, en aldrei beinst að *venjulegum* viðskiptatekjum.

Jafnframt má halda því fram að það sé stílbrot að annars vegar sé kostnaður við öflun tekna frádráttarbær frá tekjum og hins vegar að hinar sömu tekjur séu frádráttarbærar að öllu leyti óháð kostnaði, sem myndar þá tap, þrátt fyrir tilraunir við gerð frumvarpsins til að komast hjá slíkum þversögnum.

Þegar um verulegar fjárfestingar er að ræða hvort sem það er í hlutabréfum eða öðrum fjárfestingareignum má segja að oftast eru slíkar fjárfestingar tengdar tilteknum lánveitingum og því auðvelt að tengja kostnaðinn við þá fjárfestingu.

B Um afleiður.

Í breytingatillögum meiri hluta nefndarinnar er lagt til að viðskipti með afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti (afleiðunnar) eru eingöngu hlutabréf fái sömu skattalegu meðhöndlun og raunveruleg viðskipti með hlutabréf. Hér virðast því aðeins koma til greina skráð hlutabréf þar sem viðskipti með afleiður verða að vera á skipulegum markaði, jafnvel utan EES-svæðisins skv. breytingartillögu við frv.

En stór hluti slíkra afleiðusamninga fara aldrei á markað en eru samdir og seldir af fjármálastofnunum beint til kaupanda. Ljóst er að mismunur á sér stað gagnvart þeim aðilum sem gera slíkar afleiður um hlutabréf og í framkvæmd getur slík aðgreining reynst flókin.

Afleiður er samheiti fyrir viðskiptasamninga sem fela í sér eiginlega skuldbindingu um viðskipti í framtíðinni. Verðmæti þeirra tekur breytingum í hlutfalli við einhverja viðmiðun t.d. verð á hlutabréfum. Til eru fjölmargar tegundir afleiðna með margs konar nöfnum. Að baki slíkra afleiðna eru a.m.k. tveir eða fleiri gagnkvæmir samningar sem saman mynda eina heild þar sem réttindi og skuldbindingar viðsemjenda fara saman og því litið á samninginn eins og hvert annað verðbréf. Mismunur tekna annars vegar og fjármagnskostnaðar hins vegar af samningnum er talinn til vaxtatekna/vaxtagjalda og því er skattalega meðferð þeirra í samræmi við það.

Með breytingartillögunni á 1. og 2. grein frumvarpsins er lagt til að afleiðuviðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf fái sömu skattalegu meðferð og viðskipti með hlutabréfin sjálf. Hér er verið með breytingartillögunni að gera þessi tilteknu viðskipti með afleiður, þ.e. vaxtatekjurnar, jafnsetta og sölu á hlutabréfunum sjálfum. Samkvæmt þessu yrði í skattalegu tilliti farið með hagnað (vexti) af afleiðuviðskiptum með undirliggjandi hlutabréf sem um söluhagnað hlutabréfa væri, en undirstrika þyrfti að þessi regla taki ekki til afleiðna almennt. Þessi meðferð vaxtateknanna á aðeins við hjá lögaðilum en ekki einstaklingum.

Taka verður á því, hvernig beri að líta á þau “kaup” verðmæta í afleiðusamningum ef litið er á hinn þáttinn í afleiðunni, þ.e. hlutabréfin sem “sölu” með viðeigandi skattalegri meðhöndlun. Þá má benda á að samningurinn um hlutabréfin færir ekki umráðaréttinn, þ.e. atkvæðarétt í félaginu og rétt til móttöku arðs til kaupandans.

C Um tap ársins og yfirfæranlegt tap.

Í 3. mgr. c. liðar 2. gr. frumvarpsins er lagt til orðalagið: „*Frádráttur samkvæmt þessum tölulíð er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á tekjuárinu.*“ Það er einkum orðalagið „*þar með talið tap...á tekjuárinu*“ sem ekki fellur inn í hugmyndina að baki þessu ákvæði. Myndun og jöfnun þess taps er óljós.

Klassískt orðalag allt frá upptöku verðbólguþrekingsskila, þegar um var að ræða heimild til að aukafyrna eignir á móti söluhagnaði eða verðbreytingarfærslu, með sams konar takmörkun, var: „*Eigi má mynda rekstrartap vegna frádráttar samkvæmt þessum tölulíð og ekki fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.*“


D Hollenskar og norskar reglur um söluhagnað hlutabréfa.


Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu og lýtur að söluhagnaði hlutabréfa gengur lengra en hollenskar og norskar reglur um sama efni.

Í fyrsta lagi er söluhagnaður hlutabréfa ekki skattfrjáls skv. hollenskum lögum ef seljandinn er fjárfestingarfélag (investment institution). Í öðru lagi heimila hollenskar reglur ekki að tap af sölu hlutabréfa sé dregið frá tekjum. Í þriðja lagi setja hollensk lög skilyrði um lágmarkseignarhald (5%) og lágmarkseignarhaldstíma (eitt ár) svo að söluhagnaður verði undanþeginn skattlagningu. Í fjórða lagi heimila hollensk lög ekki að kostnaður sem tengist kaupum og sölu á hlutabréfum verði dreginn frá tekjum.

Í Noregi gilda ólíkar reglur um skattlagningu söluhagnaðar allt eftir því hvort söluhagnaðurinn stafar af sölu hlutabréfa í félögum innan EES-svæðisins eða utan þess svæðis. Sé hagnaðurinn vegna sölu á hlutabréfum í félögum innan EES-svæðisins eru engin skilyrði sett eignarhaldi eða lágmarkseignarhaldstíma. Sé um að ræða sölu á hlutabréfum í félögum utan EES-svæðisins þarf eignarhaldið að vera minnst 10% og eignarhaldstíminn tvö ár svo að söluhagnaður geti verið skattfrjáls. Söluhagnaður á hlutabréfum í félögum sem skráð eru á lágskattasvæðum er alltaf skattskyldur. Þá skal bæta kostnaði sem tengist beint kaupum og sölu á hlutabréfunum við stofnverð bréfanna. Kostnaðurinn kemur þannig beint inn í útreikning á söluhagnaðinum (stofnverð að frádragnum söluverði). Þá er tap af sölu hlutabréfa ófrádráttarbært. Að síðustu ber að nefna að Norðmenn hafa þrengt sínar reglur í þá átt að svo söluhagnaður verði skattfrjáls þarf félagið sem selt er í að hafa með höndum raunverulega starfsemi (ekki skúffufélag).

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir


Guðmundur Guðbjarnason